



**Byggðastofnun**

**Byggðastofnun**

**Árshlutareikningur janúar - júní 2013**

Ártorg 1  
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

# Efnisyfirlit

---

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda.....	1
Áritun og skýrsla stjórnar Byggðastofnunar.....	2
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8

# Könnunaráritun óháðra endurskoðanda

---

## Til stjórnar Byggðastofnunar

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 30. júní 2013. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn stofnunarinnar og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu, efnahag hennar þann 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur.

Reykjavík, 26. ágúst 2013

## Endurskoðendapjónustan ehf.

---

Sævar Þór Sigurgeirsson  
löggiltur endurskoðandi

---

Sveinbjörn Sveinbjörnsson  
löggiltur endurskoðandi

# Áritun og skýrsla stjórnar og stjórnenda

---

## Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulagslögum.

## Rekstur tímabilið janúar til júní 2013

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 184,2 milljónum króna tímabilið janúar til júní 2013. Eigið fé í lok júní 2013 samkvæmt efnahagsreikningi var 2.297,8 milljón króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 14,92%. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki segja til um að eigið fé skuli að lágmarki vera 8% af áhættugrunni og uppfyllti stofnunin því ákvæði laga þar um í lok júní 2013.

Alþingi samþykkti í fjárlögum 2012 heimild til að efla eigið fé Bygðastofnunar um allt að 2.000 milljónir króna. Af því framlagi voru 1.750 milljónir króna greiddar til stofnunarinnar í janúar 2012 og eftirstöðvarnar í byrjun janúar 2013.

Hæstiréttur Íslands úrskurðaði 2. maí 2013, að lán sem Bygðastofnun veitti í erlendri mynt væri löglegt. Lánið var veitt Samvirkni ehf. á Akureyri í febrúar 2008 og var í japönskum yenum. Hæstiréttur staðfestir þar með að Bygðastofnun hafi staðið rétt að lánveitingum í erlendum myntum. Rúmlega 60% af lánum stofnunarinnar eru í erlendri mynt og dómur Hæstaréttar er fordæmisgefandi fyrir um 90% þeirra.

Þann 5. júní 2013 staðfesti Hæstaréttur Íslands (352/2013) úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Bygðastofnunar gegn Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., þar sem krafa Bygðastofnunar að fjárhæð 271,3 milljónir króna var viðurkennd sem forgangskrafa. Höfðu 238 milljónir króna af þeirri kröfu áður verið afskrifaðar.

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra er nú rekið mál þar sem tekist er á um lögmæti erlendra lána stofnunarinnar, þar sem verðtryggðu láni í íslenskum krónum hefur verið skuldbreytt með viðauka í lán í erlendri mynt. Það er álit Bygðastofnunar og lögmanna hennar að skuldabréf stofnunarinnar séu lán í erlendri mynt en ekki ólögmæt gengislán. Ekki hafa verið færð sérstök varúðarframlög vegna þessara mála. Nánari er getið um þessi mál í skýringu nr. 17 með árshlutauppgjörinu.

## Áhættustýring

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Bygðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru rekstraráhætta, útlánaáhætta, greiðsluáhætta, viðskiptaáhætta, vaxtaáhætta og samþjöppunaráhætta. Gengisáhætta og uppgreiðslu- og endurfjármögnunaráhætta telst einnig til fjárhagslegrar áhættu stofnunarinnar. Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa allir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar. Á árinu 2013 hefur verið unnið að öryggisstefnu sem byggir á staðli ISO/IEC 27001 um stjórnkerfi upplýsingaöryggis og verður hún formlega innleidd hjá stofnuninni í ágúst.

# Áritun og skýrsla stjórnar og stjórnenda, frh.

---

## Stjórnunarhættir

Núverandi stjórn Byggðastofnunar var skipuð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra á ársfundi stofnunarinnar 4. apríl 2013 til 1. júlí 2014. Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn sem er hluti af „Handbók fyrir starfsmenn og stjórn“. Handbókin var fyrst samþykkt árið 2002 og má nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar, byggðastofnun.is Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsútsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignasýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar.

## Yfirlýsing stjórnar og stjórnenda

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með árshlutauppgjör Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2013

Forstjóri

Forstöðumaður rekstrarsviðs

# Rekstrarreikningur janúar - júní 2013

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2013	2012
	Skýr. janúar - júní	janúar - júní
<b>Vaxtatekjur</b>		
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....	75.272	53.795
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....	452.006	655.177
	527.278	708.972
<b>Vaxtagjöld</b>		
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....	305.589	390.977
Önnur vaxtagjöld.....	386	566
	305.975	391.543
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	221.303	317.429
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	182.742	154.350
Annað framlag ríkissjóðs..... 6	118.565	(750)
Gengismunur.....	(24.351)	(103.647)
Aðrar rekstrartekjur.....	18.460	17.589
	295.416	67.542
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	516.719	384.971
<b>Rekstrargjöld</b>		
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....	86.100	79.267
Veittir styrkir v. jöfnunar flutningskostnaðar.....	114.506	0
Veittir aðrir styrkir.....	2.500	3.429
Laun og launatengd gjöld..... 3,4	106.726	96.802
Annar rekstrarkostnaður.....	98.259	69.521
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna..... 12	4.047	3.436
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa..... 2,10	(79.661)	338.957
	332.476	591.411
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	184.243	(206.439)

# Efnahagsreikningur

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr	30.6.2013	31.12.2012
<b>Eignir</b>			
<b>Sjóður og kröfur á lánastofnanir</b>			
Bankainnstæður og verðbréf.....	7	2.455.461	2.213.327
<b>Útlán</b>			
Útlán í íslenskum krónum.....	8,13	4.651.707	4.474.576
Útlán í erlendum myntum.....	8,13	6.862.284	8.090.692
Fullnustueignir.....	9	1.037.324	856.281
		<u>12.551.315</u>	<u>13.421.549</u>
<b>Eignahlutir í félögum</b>			
Hlutabréf.....	11	758.165	763.001
		<u>758.165</u>	<u>763.001</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Skuldunautar.....		20.598	281.514
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	12	61.083	58.587
		<u>81.680</u>	<u>340.102</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>15.846.621</u></u>	<u><u>16.737.980</u></u>

# 30. júní 2013

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr.	30.6.2013	31.12.2012
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Lántökur</b>			
Verðtryggðar verðbréfaútgáfur.....		5.437.745	5.236.796
Erlendar lántökur.....		7.875.932	9.312.893
	14	<u>13.313.677</u>	<u>14.549.688</u>
<b>Aðrar skuldir</b>			
Afskriftarreikningur vegna veittra ábyrgða.....	16	163.733	11.389
Óráðstöfuð framlög.....		35.266	33.832
Skuldheimtumenn.....		36.180	29.548
		<u>235.180</u>	<u>74.769</u>
		<u>13.548.857</u>	<u>14.624.458</u>
<b>Skuldir samtals</b>			
		<u>13.548.857</u>	<u>14.624.458</u>
<b>Eigið fé.....</b>	2,15	<u>2.297.765</u>	<u>2.113.522</u>
		<u>15.846.621</u>	<u>16.737.980</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>			
		<u>15.846.621</u>	<u>16.737.980</u>
<b>Utan efnahagsreiknings</b>			
Veittar ábyrgðir.....	16	70.956	216.398



# Sjóðstreymi janúar - júní 2013

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2013 janúar - júní	2012 janúar - júní
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		
Hagnaður (tap) tímabilsins.....	184.243	(206.439)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa.....	92.333	337.860
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	4.047	3.436
Söluhagnaður eigna.....	(6.118)	0
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	101.520	133.465
Skuldunautar.....	10.576	0
Skuldheimtumenn.....	8.169	0
Ógreiddir styrkir.....	(102)	(3.707)
Handbært fé frá rekstri	394.668	264.614
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Afborganir útlána.....	405.196	481.403
Veitt lán.....	(189.000)	(132.500)
Innleystar eignir.....	47.508	(18.179)
Kaupverð, viðbót innleystar eignir.....	(36.229)	0
Hlutabréf.....	(18.203)	(50)
Keyptir rekstrarfjármunir.....	(6.542)	(10.477)
Skuldunautar.....	(2.659)	9.709
Fjárfestingarhreyfingar	200.071	329.906
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Afborganir af lántökum.....	(602.606)	(3.740.759)
Nýjar lántökur.....	0	1.128.844
Framlag ríkissjóðs.....	250.000	1.750.000
Fjármögnunarhreyfingar	(352.606)	(861.914)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	242.134	(267.394)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	2.213.327	2.464.230
<b>Handbært fé í lok tímabils .....</b>	2.455.461	2.196.836

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2013. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Gengi í lok tímabils

	30.06.2013	31.12.2012
EUR .....	161,55	170,27
USD .....	123,58	129,05
JPY .....	1,25	1,50
DKK .....	21,66	22,83

Vísitölur í lok tímabils:

	1.7.2013	1.1.2013
Vísitala neysliverðs til verðtryggingar .....	411,3	402,0

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

# Skýringar

---

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

## Eignarhlutir í félögum og hlutdeildarfélög

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarvirði að frádreginni virðisrýrnun. Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á a.m.k. 20% eignarhlut. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt hlutdeildaraðferð. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstur.

## Útlán

Útlán stofnunarinnar eru flokkuð í útlán til viðskiptavina og fullnustueignir. Þau eru upphaflega metin á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi, sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

## Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

## Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 3. Laun og launatengd gjöld

	<b>2013</b>	<b>2012</b>
	<u>janúar - júní</u>	<u>janúar - júní</u>
Laun .....	86.379	78.413
Lífeyrissjóðsframlög .....	10.529	9.627
Önnur launatengd gjöld .....	9.818	8.762
Laun og launatengd gjöld alls .....	<u>106.726</u>	<u>96.802</u>

Að meðaltali störfuðu 20 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf, sem er óbreytt frá fyrra ári. Í lok tímabilsins voru 21 starfsmaður á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 20,8.

## 4. Þóknanir til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

	<b>2013</b>	<b>2012</b>
	<u>janúar - júní</u>	<u>janúar - júní</u>
Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður .....	1.148	1.060
Ásta Dís Óladóttir .....	0	475
Bergsteinn Einarsson (varamaður) .....	40	39
Guðmundur R. Gíslason .....	491	475
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (varamaður) .....	0	40
Gunnar Svavarsson .....	102	475
Matthildur Helgadóttir Jónudóttir .....	491	0
Ólafía Jakobsdóttir .....	233	0
Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir .....	491	475
Rögnvaldur Ólafsson .....	491	0
Sigurborg Kr. Hannesdóttir .....	0	475
Valdimar Hafsteinsson .....	491	475
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri .....	7.015	6.698
Þóknanir til stjórnar og forstjóra samtals .....	<u>10.992</u>	<u>10.686</u>

## 5. Þóknanir endurskoðenda

Þóknanir endurskoðenda greinast þannig:

	<b>2013</b>	<b>2012</b>
	<u>janúar - júní</u>	<u>janúar - júní</u>
Endurskoðun .....	5.510	4.206
Önnur sérfræðipjónusta .....	1.346	2.404
Þóknanir endurskoðenda samtals .....	<u>6.856</u>	<u>6.610</u>

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 6. Önnur framlög ríkissjóðs

	<b>2013</b>	<b>2012</b>
	<b>janúar - júní</b>	<b>janúar - júní</b>
Framlag ríkissjóðs v/eflingar atvinnulífs (egr. framlag) .....	0	(750)
Framlag ríkissjóðs v/jöfnunar flutningskostnaðar .....	118.565	0
Önnur framlög ríkissjóðs samtals .....	118.565	(750)

## 7. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

	<b>30.6.2013</b>	<b>31.12.2012</b>
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	2.387.128	2.170.860
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	68.333	42.467
Sjóður og kröfur á lánastofnanir samtals .....	2.455.461	2.213.327

## 8. Útlán til viðskiptavina

Sundurliðað eftir lántakendum:	<b>30.6.2013</b>	<b>31.12.2012</b>
Bæjar- og sveitarfélög .....	0,19%	0,17%
Einstaklingar .....	8,58%	8,11%
Sundurliðað eftir atvinnugreinum:		
Þjónustustarfsemi .....	49,18%	45,78%
Sjávarútvegur .....	24,47%	27,57%
Iðnaður .....	14,88%	13,80%
Landbúnaður .....	2,59%	4,47%
Fjármálastofnanir .....	0,11%	0,10%
	100%	100%

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

Gjaldkræfar kröfur .....	413.691	617.271
Allt að 3 mánuðum .....	402.578	227.428
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári .....	779.916	953.007
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	3.478.573	3.728.888
Yfir 5 ár .....	6.439.232	7.038.674
	11.513.991	12.565.268

## 9. Fullnustueignir

	<b>30.6.2013</b>	<b>31.12.2012</b>
Fasteignir .....	1.037.324	826.281
Skip .....	0	30.000
	1.037.324	856.281

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 10. Afskriftarreikningur útlána

Hreyfingar í þúsundum króna:

	<b>30.6.2013</b>	<b>31.12.2012</b>
Afskriftarreikningur í ársbyrjun .....	2.317.220	3.273.256
Framlag í afskriftarreikning á árinu .....	(8.479)	369.460
Innheimt peningamarkaðsinnlán .....	(238.086)	0
Endanlega töpuð útlán .....	(464.365)	(1.325.496)
Staða afskriftarreiknings í lok tímabils .....	<u>1.606.290</u>	<u>2.317.220</u>
Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánum .....	12,24%	15,57%
	<b>janúar - júní</b>	<b>janúar - júní</b>
Framlag á árinu .....	(8.479)	268.446
Innheimt peningamarkaðsinnlán .....	(238.086)	0
Framlag vegna ábyrgða .....	152.343	(548)
Framlag vegna viðskiptakrafna .....	3.000	0
Breytingar á mati hlutabréfaeignar .....	23.039	71.059
Innkomin áður afskrifuð lán .....	(11.478)	0
Framlög í afskriftarreining skv. rekstrarreikningi .....	<u>(79.661)</u>	<u>338.957</u>

## 11. Hlutafjáreign

Í árslok átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

<b>Fasteignarekstur</b>	<b>Eignarhluti</b>	<b>Nafnverð</b>
Ámundakinn ehf. ....	13,72%	21.000
Ásgarður hf. ....	13,10%	15.000
Dalagisting ehf. ....	12,11%	8.000
Dýralíf ehf. ....	31,70%	4.000
Fasteignafélagið Borg ehf. ....	29,78%	18.825
Fasteignafélagið Hvammur ehf. ....	24,86%	16.926
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf. ....	30,35%	7.124
Grand hótél Mývatn ehf. ....	7,22%	10.000
Hesthólar ehf. ....	70,99%	14.672
Hótél Hellissandur hf. ....	24,98%	19.534
Hótél Norðurljós ehf. ....	46,40%	2.320
Hæðin á Höfðabraut ehf. ....	12,28%	2.000
Tröllasteinn ehf. ....	18,92%	7.000
Urtusteinn ehf. ....	8,45%	32.818
<b>Fasteignarekstur samtals .....</b>		<u>179.219</u>

*framhald....*

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	<u>Eignarhluti</u>	<u>Nafnverð</u>
<b>Fjármálafyrirtæki</b>		
Saga Eignarhaldsfélag hf. ....	0,37%	354
<b>Fjármálafyrirtæki samtals</b> .....		<u>354</u>
<b>Ferðaþjónusta</b>		
Brimnes hótél ehf. ....	12,00%	4.610
Ferðaskrifstofa Austurlands ehf. ....	5,81%	900
Hótél Flúðir hf. ....	11,94%	3.109
Hótél Húsavík hf. ....	0,38%	136
Hótél Valaskjálfi hf. ....	18,80%	4.500
Hótél Varmahlíð hf. ....	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf. ....	19,70%	2.000
Nes-Listamiðstöð ehf. ....	41,67%	5.000
P/F Smyril-line .....	1,67%	40.237
Snorri Þorfinnsson ehf. ....	19,90%	12.000
Textílsetur Íslands ses. ....	32,15%	2.000
<b>Ferðaþjónusta samtals</b> .....		<u>77.492</u>
<b>Fjárfestingarfélag</b>		
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. ....	40,00%	109.142
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. ....	19,03%	96.840
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf. ....	38,77%	7.850
Fjárfestingafélagið Vör hf. ....	41,83%	35.940
Hvetjandi ehf. ....	49,29%	54.469
Tvídrangi ehf. ....	15,27%	4.991
<b>Fjárfestingarfélag samtals</b> .....		<u>309.232</u>
<b>Landbúnaður</b>		
Sláturfélag Austurlands fsvf. ....	24,75%	4.320
Yrkjar ehf. ....	7,29%	1.800
<b>Landbúnaður samtals</b> .....		<u>6.120</u>
<b>Rekstrarráðgjöf</b>		
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. ....	22,10%	1.933
Austurbrú ses. ....	3,13%	50
<b>Rekstrarráðgjöf samtals</b> .....		<u>1.983</u>

*framhald....*

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

<b>Iðnaður</b>	<b>Eignarhluti</b>	<b>Nafnverð</b>
Borg, saumastofa ehf. ....	19,82%	170
Eðalís ehf. ....	11,06%	3.000
Fánasmiðjan ehf. ....	9,95%	4.167
Fjallalamb hf. ....	10,68%	10.000
Raflagnir Austurlands ehf. ....	22,37%	3.600
Trico ehf. ....	33,33%	5.000
Ullarvinnsla Frú Láru ehf. ....	29,76%	2.500
Vilko ehf. ....	8,22%	2.955
Þörungaverksmiðjan hf. ....	27,67%	7.919
<b>Iðnaður samtals</b> .....		<b>39.311</b>
<b>Sjávarútvegur</b>		
Bernskan ehf. ....	34,53%	22.444
Eignarhaldsfélagið Gláma hf. ....	36,52%	114.500
Reykofninn-Grundarfirði ehf. ....	15,24%	5.148
Tó hf. ....	10,40%	2.667
<b>Sjávarútvegur samtals</b> .....		<b>144.759</b>
<b>Upplýsingatækni</b>		
Gagnaveita Skagafjarðar hf. ....	28,71%	51.875
<b>Upplýsingatækni samtals</b> .....		<b>51.875</b>
<b>Verslun og þjónusta</b>		
Samkaup hf. ....	2,77%	10.801
<b>Verslun og þjónusta samtals</b> .....		<b>10.801</b>
<b>Hlutfjáreign samtals</b> .....		<b>820.792</b>

Hlutabréf eru bókfærð í ársrhluatuppgjöri á 758.165 þúsund krónur.



# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1/1 .....	70.388	3.219	23.150	96.757
Afskrifað alls 1/1 .....	(26.586)	(1.609)	(9.975)	(38.170)
Viðbót á tímabilinu .....	0	0	6.542	6.542
Afskrifað á tímabilinu .....	(974)	(322)	(2.751)	(4.047)
Bókfært verð 30/06 .....	42.829	1.287	16.966	61.083
Stofnverð alls 30/06 .....	70.388	3.219	29.692	103.299
Afskrifað alls 30/06 .....	(27.559)	(1.931)	(12.726)	(42.216)
Bókfært verð 30/06 .....	42.829	1.287	16.966	61.083
Afskriftarhlutföll .....	2-3%	20%	20%	

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki .....	28.784	98.438	30.473
Háahlíð 4, Sauðárkróki .....	31.300	57.350	12.356
	60.084	155.788	42.829

## 13. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Erlent:	<b>30.6.2013</b>	<b>31.12.2012</b>
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	6.930.617	8.133.158
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum .....	7.875.932	9.312.892
Nettó staða erlendra eigna og skulda .....	(945.315)	(1.179.734)
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir .....	4.288.384	4.139.926
Verðtryggðar skuldir .....	5.437.745	5.236.796
Nettó staða verðtryggða eigna og skulda .....	(1.149.361)	(1.096.870)

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	USD	DKK	JPY	EUR	Samtals
Útlán .....	1.076.171	0	2.170.148	3.615.965	6.862.284
Handbætt fé .....	4.129	1.461	0	62.744	68.333
Eignir samtals .....	1.080.299	1.461	2.170.148	3.678.709	6.930.617
Lántökur .....	1.168.835	0	2.524.036	4.183.061	7.875.932
Nettó staða .....	<u>(88.536)</u>	<u>1.461</u>	<u>(353.888)</u>	<u>(504.352)</u>	<u>(945.315)</u>

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna

## 14. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2013	31.12.2012
Gjaldkræft .....	0	0
Allt að 3 mánuðum .....	157.241	168.066
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári .....	1.086.277	1.191.848
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	8.763.193	9.350.914
Yfir 5 ár .....	3.306.967	3.838.860
	<u>13.313.678</u>	<u>14.549.688</u>

## 15. Eigið fé

Á árinu 2011 var í fjárlögum 2012 fjármálaráðherra veitt heimild til að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.000 milljónir króna. Af þeirri heimild voru 1.750 milljónir króna greiddar stofnuninni í janúar 2012 en eftirstöðvar í janúar 2013.

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 skal eiginfjárlutfall lánastofnana ekki fara undir 8% af svonefndum áhættugrunni, en í lok tímabilsins var eiginfjárlutfall stofnunarinnar 14,92%

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga

	30.6.2013	31.12.2012
Staða í upphafi árs .....	2.113.522	266.295
Framlag ríkissjóðs .....	0	2.000.000
Hagnaður (Tap) ársins .....	184.243	(152.773)
	<u>2.297.765</u>	<u>2.113.522</u>
Eiginfjárlutfall .....	<u>14,92%</u>	<u>12,55%</u>

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 16. Veittar ábyrgðir

Byggðastofnun hefur gengist í ábyrgðir að fjárhæð 234,7 milljónir króna. Í lok tímabilsins var metin áhætta á því að ábyrgðir falli á stofnunina. Ábyrgðir að fjárhæð 163,7 milljónir króna, sem líklegar eru til að falla á stofnunina, hafa verið skuldfærðar í árshlutauppgjöri. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema því um 71 milljón króna í lok tímabilsins.

## 17. Önnur mál

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra er nú rekið mál þar sem tekist er á um lögmæti erlendra lána stofnunarinnar, þar sem verðtryggðu láni í íslenskum krónum hefur verið skuldbreytt með viðauka í lán í erlendri mynt. Málflutningur fer fram haustið 2013. Uppreiknuð lán stefnanda nema nú um 207,3 milljónum króna en verði fallist á kröfur hans munu þau lækka um allt að 50%. Samsvarandi útlán hjá stofnuninni nema að kröfuvirði 911,3 milljónum króna. Ekki hefur verið fært sérstakt varúðarframlag á afskriftareikning vegna þessa.

## 18. Breytingar á samanburðarfjárhæðum árið 2012

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á samanburðarfjárhæðum árshlutauppgjörs janúar - júní 2012. Leiðrétting var gerð í sjóðstreymi á veittum lánum vegna vanskila og endursömdum vöxtum af lánveitingum sem ekki hafa í för með sér sjóðshreyfingu. Samanburðarfjárhæðir ársins 2012 í árshlutauppgjöri 2013 breytast þannig frá áður samþykktu árshlutauppgjöri 2012:

Áhrif á sjóðstreymi:

	Samþykkt árshluauppgj.	Leiðrétting	Leiðrétt árshluauppgj.
Framl. í afskriftarr. útlána og matsb. hlutafj. ....	338.957	(1.097)	337.860
Vextir, verðbætur og gengismunur .....	233.956	(100.491)	133.465
Afborganir útlána .....	500.890	(19.487)	481.403
Veitt lán .....	(253.575)	121.075	(132.500)
Skuldunautar .....	13.416	(3.707)	9.709
Skuldheimtumenn .....	271	3.707	3.978

# Skýringar

---

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*